

Vegagerðin
Helga Aðalgeirsdóttir
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2005020042
6200; 9310

Reykjavík, 23. mars 2005
/--

Efni: Breytingar á efnislosunarsvæðum á Ólafsfirði vegna jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 11. febrúar 2005 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar breytingar á efnislosunarsvæðum á Ólafsfirði vegna framkvæmda við jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ólafsfjarðarbæjar, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá Ólafsfjarðarbæ með bréfum dags. 15. og 18. mars 2005, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 4. og 21. mars 2005 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 25. febrúar 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 28. febrúar og 16. mars 2005 og með tölvupósti dags. 21. mars 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að við gerð útboðsgagna vegna jarðganga og vegagerðar á norðanverðum Tröllaskaga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hafi komið í ljós að magn áætlaðs umframefnis sem þyrfti að haugsetja í Ólafsfirði hafi verið vanreiknað. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið gert ráð fyrir haugsetningu umframefnis í Ólafsfirði úr sem næst hálfum jarðgöngunum milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar, alls um 230.000 m³. Við gerð útboðsgagna hafi verið ákveðið að miðað skyldi við hæsta punkt ganganna og að öllu efni frá hápunkti yrði ekið til Ólafsfjarðar en hápunktur ganganna sé mun nær Héðinsfirði en Ólafsfirði. Því hafi magn umframefnis, sem þurfi að haugsetja í Ólafsfirði, aukist í 365.000 m³ eða um 135.000 m³. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að haugsetning fari fram á þremur af þeim fjórum svæðum sem kynnt voru í matsskýrslu, þ.e. við rætur Ósbrekkufjalls, norðan Ólafsfjarðarvatns og vestan Ólafsfjarðaróss en hætt hafi verið við að haugsetja um 40.000 m³ af efni í Ólafsfjarðarvatni

vestanverðu vegna athugasemda sem komið hafi fram við mat á umhverfisáhrifum Héðinsfjarðarganga. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að það efnismagn verði haugsett á svæði við rætur Ósbrekkufjalls að viðbættu því efni sem til falli vegna breyttrar framkvæmdatilhögunar við jarðgangagerð, um 135.000 m³, auk um 70.000 m³ af umframefni sem upphaflega hafi verið gert ráð fyrir að haugsetja á svæðinu skv. matsskýrslu. Alls sé því gert ráð fyrir að haugsett verði um 245.000 m³ á um 34.000 m² við rætur Ósbrekkufjalls. Gert er ráð fyrir að efnislosunarstaðurinn nái upp í 25 m h.y.s. í fjallshlíðinni þar sem töluverð hallabreyting verði í hlíðinni. Neðan þeirrar hæðar sé fjallshlíðin mun brattari en ofan hennar og sé reiknað með að nota hallabreytinguna til að aðlaga efnishauginn að fjallinu. Í viðbótargögnum Vegagerðarinnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að losa um 35.000 m³ á um 19.000 m² svæði norðan Ólafsfjarðarvatns og um 85.000 m³ af efni á um 64.000 m² svæði vestan Ólafsfjarðaróss.

Frágangur á efnislosunarsvæðum

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að reynt verði að haga framkvæmdum við haugsetningu á fyrrgeindum efnislosunarsvæðum á þann hátt að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og því reynt að takmarka stærð raskaðra svæða vegna efnislosunar. Fram kemur að við frágang verði flutt til efni á haugasvæðunum til að laga þau betur að landi og verði frágangi almennt hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Efnislosunarsvæðin verði því sléttuð vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis áður en uppgræðsla hefjist. Aðlaga þurfi brúnir að landinu í kring svo þær verði ekki eins áberandi. Reiknað sé með að nota fínefnaríkt efni við yfirborðsfrágang og verði allur frágangur í samráði við Ólafsfjarðarbæ og Umhverfisstofnun. Fram kemur að sáð verði í öll efnislosunarsvæðin með gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skeri sig ekki úr umhverfinu og verði leitað til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu. Fram kemur að suðurmörk efnislosunarsvæðis við rætur Ósbrekkufjalls verði afmörkuð þannig að votlendi sunnan haugsins verði ekki raskað og norðurmörkin miðuð við að efnishaugurinn falli sem best að fjallshlíðinni til norðurs. Gert sé ráð fyrir vatnsrás ofan haugsins til að draga úr hættu á rofi vegna flóðvatns. Vatn verði leitt frá miðju haugasvæðisins til norðurs eða suðurs eftir því sem við á. Fram kemur að norðarlega á svæðinu sem lendi undir haugnum sé lækjarfarvegur og verði mótaður farvegur um hauginn á þeim stað.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Ólafsfjarðarbæjar og veiðimálastjóra kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ólíklegt sé að framkvæmdin í heild sinni muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að því tilskildu að tekið verði tillit til ábendinga sem fram koma í umsögninni.

Umhverfisstofnun bendir á að ráðgert sé að haugsetja efni við norðanvert Ólafsfjarðarvatn sem nái að vatnsborði en vatnið sé á Náttúruminjaskrá þar sem um sé að ræða mjög sérstætt náttúruyrirbrigði og hafi að geyma mikið og fjölbreytt lífríki. Almennt sé miðað við þegar vötn, tjarnir og ár séu sett á Náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið sjálft, eða farveg þess ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka eða gljúfrabrúna. Umhverfisstofnun bendir á að haugsetning við vatnið geti haft í för með sér hættu á að fínefni skoluðust úr haugnum í vatnið. Stofnunin telur að haugsetning innan þessa svæðis taki ekki mið af verndargildi vatnsins og geti haft neikvæð áhrif á lífríki þess vegna mögulegrar útskolunar fínefna og breytinga á ásýnd vatnsbakka og

nánasta umhverfis. Því ætti ekki að haugsetja efni nær vatninu en um það bil 50 m frá vatnsborði.

Umhverfisstofnun bendir á að meginhluta fyrirhugaðs haugsvæðis vestan Ólafsfjarðaróss hafi þegar verið raskað vegna ýmissa framkvæmda en á svæði norðan nýrrar brúar sé lítt raskað gróðurlendi og telur stofnunin að við haugsetningu á þessum stað ætti að hlífa deiglendi á suðurhluta svæðisins. Æskilegt sé að útlit haugsins taki mið af nálægð hans við Ólafsfjarðarvatn og Ólafsfjarðarós og að reynt verði að aðlaga hann að svæðinu eins og það sé í dag í stað þess að miða útlit haugsins við mögulega legu óssins þar sem hvorki sé vitað hvort ráðist verði í að færa ósinn né hvernig staðið verði að þeirri framkvæmd. Umhverfisstofnun telur því að endurskoða ætti þá útfærslu á haugsetningu sem Vegagerðin hafi kynnt á þessu svæði og aðlaga hauginn betur að votlendi vestan Ólafsfjarðarvatns. Umhverfisstofnun telur að haugsetning á svæði við rætur Ósbrekkufjalls muni ekki hafa neikvæð áhrif á dýralíf, gróðurfar og jarðmyndanir þar sem láglandi á þessu svæði hafi þegar verið raskað með fráveituskurðum og mannvirkjagerð.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að ef farið verði eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um að haugsetja ekki efni við norðanvert Ólafsfjarðarvatn nær vatninu en u.þ.b. 50 m frá vatnsborði, verði einungis unnt að losa 10.000 m³ af efni á þessum stað á 5.000 m² svæði. Vegagerðin sé reiðubúin að haugsetja ekki efni í Ólafsfjarðarvatn á fyrirhuguðu efnislosunarsvæði norðan þess en búast megi við að þörf verði á því síðar vegna uppbyggingar í Ólafsfirði. Fram kemur að skv. gildandi Aðalskipulagi Ólafsfjarðarbæjar 1990-2010 sé gert ráð fyrir íbúðarlóðum á fyrrnefndu svæði og að sögn bæjaryfirvalda á Ólafsfirði sé um mjög mikilvægar byggingarlóðir að ræða. Fram kemur að samkvæmt nýjum upplýsingum Vegagerðarinnar hafi bæjarstjórn Ólafsfjarðar ályktað um að ekki verði gert ráð fyrir breytingum á staðsetningu Ólafsfjarðaróss í nýju aðalskipulagi sem verið sé að vinna að en í núgildandi aðalskipulagi sé gert ráð fyrir að ósinn verði færður til vesturs. Í ljósi þess að ekki þurfi að taka tillit til færslu Ólafsfjarðaróss við efnislosun vestan óssins leggur Vegagerðin til að fyrirhugað efnislosunarsvæði vestan Ólafsfjarðaróss verði stækkað úr 50.000 m² í 64.000 m² og efnislosunarmagn verði aukið úr 75.000 m³ í 85.000 m³. Fram kemur að svæðið verði aðlagað að votlendinu vestan Ólafsfjarðarvatns í samráði við Ólafsfjarðarbæ. Í samræmi við fyrrnefndar breytingar leggur Vegagerðin til að efnislosunarsvæðið við norðanvert Ólafsfjarðarvatn verði minnkað úr 21.000 m² í 19.000 m² og efnislosunarmagn minnkað úr 45.000 m³ í 35.000 m³. Samkvæmt þessu telur Vegagerðin að miða eigi við að brún "típpsins"/efnislosunarsvæðisins sé í a.m.k. 10 m fjarlægð frá vatninu og að miðað verði við að "tippurinn"/efnislosunarsvæðið verði u.þ.b. 2 m að hæð og að fláar þess verði hvergi brattari en 1:2, til að koma í veg fyrir hrún úr þeim. Hæð típpsins/efnislosunarsvæðis og endanlegt efnismagn verði ákveðið í samráði við Ólafsfjarðarbæ, frekari landmótun á svæðinu verði í höndum Ólafsfjarðarbæjar en leitað verði umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi efnislosunina.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að haugsetning efnis með þeim hætti sem Vegagerðin fyrirhugar á svæði norðan Ólafsfjarðarvatns muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á stærð efnislosunarsvæða og efnislosunarmagni í Ólafsfirði frá þeim áætlunum sem voru kynntar í mati á umhverfisáhrifum vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar

og Ólafsfjarðar árið 2001. Fyrirhugað er að haugsetja alls um 365.000 m³ af efni á þremur svæðum í stað 230.000 m³ á fjórum svæðum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhugaðar breytingar á efnislosunarmagni og efnislosunarsvæðum taka til allra þeirra efnislosunarsvæða í Ólafsfirði sem kynnt voru í mati á umhverfisáhrifum jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Skipulagsstofnun telur að aukið efnislosunarmagn við rætur Ósbrekkufjalls muni ekki hafa veruleg áhrif á ásýnd eða gróður svæðisins verði verktilhögun og frágangur með þeim hætti sem kynnt eru í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Fyrir liggur að hluti þeirra breytinga á efnislosunarsvæðum sem Vegagerðin tilkynnti til Skipulagsstofnunar með bréfi dags. 11. febrúar 2005 fólst í að hætt var við haugsetningu um 40.000 m³ af efni í vestanvert Ólafsfjarðarvatn og telur Skipulagsstofnun það vera jákvæða breytingu m.t.t. áhrifa á Ólafsfjarðarvatn. Skipulagsstofnun telur að unnt sé að standa þannig að verki við efnislosun við norðanvert Ólafsfjarðarvatn að áhrif á vatnið verði ekki veruleg. Í því skyni þarf að miða við að mörk efnislosunarsvæðisins verði í a.m.k. 10 m fjarlægð frá vatnsborði og að frágangur svæðisins verði með þeim hætti að ekki verði hrun úr fláum þess eins og lýst er í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun telur enn fremur mikilvægt að þess verði gætt eins og kostur er að fínefni skolist ekki út í Ólafsfjarðarvatn af efnislosunarsvæðinu. Skipulagsstofnun telur að haugsetning á að mestu leyti röskuðu svæði vestan við Ólafsfjarðarós hafi ekki veruleg áhrif á yfirbragð svæðisins eða gróður.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á efnislosunarsvæðum á Ólafsfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ólafsfjarðabæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhuguð efnislosunarsvæði eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010 og þarf að gera breytingu á aðalskipulaginu áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. apríl 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Ólafsfjarðarbær, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.

